

Ingi Sigurðsson

Viðhorf Tómasar Sæmundssonar til fræðslumála

1. Inngangur

Helztu efnisþættir í þessari grein um viðhorf Tómasar Sæmundssonar (1807–1841) til fræðslumála eru sem hér segir: Fyrst eru raktar þær heimildir, sem greinin er byggð á, og síðan skoðað sögulegt baksvið, hvað varðar fræðslumál. Fjallað er um viðhorf Tómasar á þessu sviði í samræmi við aðra þætti í hugmyndafræði hans. Gerð er grein fyrir viðhorfum hans til bóka sem menntunarmiðils, til skólahalds fyrir börn, útgáfu alþýðlegra fræðslurita, sem Tómas bar mjög fyrir brjósti, og til æðri menntunar, með sérstöku tilliti til málefna Bessastaðaskóla. Rætt er um það menntunargildi, sem hann taldi, að starfsemi safna gæti haft. Í síðasta kafla meginmáls er fjallað um viðhorf Tómasar til fræðslumála í samhengi við framvindu á þessu sviði í tíð næstu kynslóða.

Í greiningu á viðhorfum Tómasar er leitazt við að setja þau í samhengi við stefnur og strauma í samtíð hans.

2. Heimildir

Áhugasvið Tómasar var víðfeðmt, en fræðslumál voru tvímælalaust meðal helztu áhugamála hans, og skrifaði hann talsvert um þau efni á skammri ævi. Helztu ritsmíðar, þar sem viðhorf Tómasar til fræðslumála birtast, eru þessar: Árið 1832 gaf hann út bæklinginn *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, þá nýútskrifaður guðfræðingur, tæplega 25 ára að aldri. Þar eru settar eru fram tillögur um umbætur í fræðslumálum landsmanna, annars vegar varðandi alþýðufræðslu, hins vegar varðandi Bessastaðaskóla. Tómas drap á fræðslumál í greininni „Úr bréfi frá Íslandi“, sem birtist í 1. árgangi *Fjölnis*, og hann skrifaði líka nokkuð um þau efni í greinum sínum í 2., 3., 4. og 5. árgangi *Fjölnis* (1836–1839), sem hann kallaði í hverju tilviki eftirmæli nýliðins árs. Í ófullgerðu handriti *Ferðabókar*, þar sem Tómas segir frá ferð sinni um Evrópu 1832–1834, sem birtist í útgáfu Jakobs Benediktssonar 1947, er nokkuð fjallað um fræðslumál, m.a. er sagt talsvert frá skólum á ýmsum stigum í Þýzkalandi. Ljóst er af formála bókarinnar, að Tómas taldi, að landsmenn gætu margt lært af frásögn hans af því, sem hann hafði kynnt í útlöndum.¹ Honum vannst ekki aldur til að semja sérstakan kafla um nýjungar, sem hann áleit, á grundvelli ferðareynslu sinnar, æskilegt að innleiða á Íslandi.² Þetta skýrir, að það, sem Tómas sá og

¹ *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*. Jakob Benediktsson bjó undir prentun. Rv. 1947, s. 6.

² Sjá sama rit, s. 288.

heyrði í ferðinni og hann fjallar um í bókinni, varð honum sjaldan tilefni til hugleiðinga um einhver skilgreind nýmæli á sviði fræðslumála á Íslandi. Í ritgerðinni „Bókmenntirnar íslenzku“, sem birtist í 5. árgangi *Fjölnis* 1839, er m.a. fjallað um útgáfu bóka, sem skyldu veita almenningi fræðslu, svo og um málefni Bessastaðaskóla. Í safni bréfa Tómasar, sem dóttursonur hans, Jón Helgason, síðar biskup, gaf út 1907, er minnt á fræðslumál á nokkrum stöðum. Tómas skrifaði ekki mikið um kristindómsfræðslu fyrir almenning.

Við samningu greinarinnar var einnig stuðzt við ýmis fræðirit.

3. Sögulegt baksvið

Hér skulu tilgreind nokkur grundvallaratriði varðandi sögulegt baksvið fræðslumála á Íslandi á því tímabili, sem um er að ræða og mikilvægt er að hafa í huga, þegar viðhorf Tómasar á þessu sviði eru könnuð.

Formleg, skipuleg fræðsla var á Íslandi bundin við kristindómsfræðslu. Þegar Tómas kom fram á sjónarsviðið sem rithöfundur, hafði starfsemi barnaskóla í landinu verið mjög takmörkuð. Árið 1745 var stofnaður barnaskóli í Vestmanneyjum, sem starfaði í nokkur ár. Slíkur skóli starfaði á Hausastöðum á Álftanesi 1791–1812, og 1830 var barnaskóli stofnaður í Reykjavík. Fræðsla um veraldleg efni var því nátengd bókaútgáfu.³ Þótt prentsmiðja hefði verið á landinu í talsvert á þriðju öld um 1770, hafði lítið veraldlegt efni verið prentað. Í þessu sambandi er reyndar á það að líta, að hefð var fyrir því, að veraldlegt fræðsluefni gengi manna á milli í handritum, og hélzt sú hefð í tíð næstu kynslóða. Vafalaust hefur efni í handritum veitt alþýðufólki þó nokkra fræðslu um veraldleg efni, þegar á heildina er litið, en slíkt er erfitt að meta nákvæmlega.

Um þetta leyti urðu tímamót, hvað snertir útgáfu fræðsluefnis. Gætti þar mjög áhrifa upplýsingarinnar.⁴ Farið var að gefa út efni af þessu tagi á íslenzku í allstórum stíl, og skapaðist þá hefð, sem haldizt hefur órofin að kalla til þessa dags. Í upphafi var m.a. gefið út talsvert efni um landbúnað, í Kaupmannahöfn og í Hrappsey, eftir að prentsmiðja var stofnuð þar 1773, með tilstyrk danskra stjórnvalda, og var allmörgum

³ M.a. er fjallað um fræðslumál á tímabilinu um 1770–1830 í eftirtöldum ritum: Gunnar M. Magnúss: *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi. Hátíðarit S.Í.B.* Rv. 1939, einkum s. 44–60. – Loftur Guttormsson: „Fræðslumál.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir.* Ritstjóri: Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 149–182.

⁴ Í tímans rás hefur geysimikið verið fjallað um upplýsinguna, eðli hennar og birtingarmyndir í einstökum löndum. Mismunandi áherzlu hafa komið fram í þeirri umræðu, en yfirleitt er talið, að trú á framfarir og áherzla á gildi menntunar séu meðal grundvallarþátta í þeirri hugmyndafræði, sem kenna má við stefnuna. Á það vel við um hina þýzk-dönsku upplýsingu, sem upplýsingin á Íslandi mótaðist af. – Meðal rita, sem út hafa komið á síðustu árum, þar sem fjallað er um eðli upplýsingarinnar og ýmis skilgreiningaratriði henni tengd, eru eftirtalin: Dorinda Outram: *The Enlightenment.* 2nd ed. Cambridge 2005. (New Approaches to European History). – Roy Porter: *The Enlightenment.* 2nd ed. Basingstoke 2001. (Studies in European History). – M.a. er fjallað um áhrif upplýsingarinnar á Íslandi í eftirtöldum ritum: Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918.* Rv. 2006, einkum s. 25–70. – Ingi Sigurðsson: „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir.* Ritstjóri: Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 9–42.

ritum af þessu tagi dreift ókeypis til landsmanna. Prentsmiðjan í Hrappsey var starfrækt til 1794 og gaf á heildina litið út talsvert fræðsluefni. Hið íslenska lærdómslistafélag, sem stofnað var í Kaupmannahöfn 1779, gaf út ársrit í fjórtán bindum (hinu fimmtánda var ekki lokið og kom ekki formlega út), gömlu Félagsritin, sem svo voru síðar kölluð, og birtist þar mikið fræðsluefni. Frá og með 1795 bar hæst umfangsmikla útgáfu slíks efnis á vegum Hins íslenska landsuppfræðingarfélags og Magnúsar Stephensens persónulega. Einkum var þessi útgáfa mikil framan af, fram á miðjan fyrsta áratug 19. aldar. Magnús réð því í raun í meir en þrjú áratugi, hvað var prentað á Íslandi, í krafti yfirráða yfir einu prentsmiðju landsins. Hann féll frá 1833, árið eftir að Tómas birti fyrstu ritsmið sína um fræðslumál. Kaupmannahafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags, sem stofnað var 1816, gaf út talsvert fræðsluefni. Aðrir íslenskir aðilar í Kaupmannahöfn gáfu út verulegt fræðsluefni, og má í því sambandi nefna tímaritið *Ármann á Alþingi* (1829–1832).⁵

Sé litið til æðri menntunar, höfðu orðið mikil umbrot í skólamállum á síðustu áratugum 18. aldar og í upphafi 19. aldar. Skálholtsskóli var fluttur til Hólavallar við Reykjavík, þar sem starfsemi hófst 1786, starfsemi Hólaskóla lauk 1802, og Hólavallarskóli var síðan fluttur til Bessastaða 1805. Um aldamótin 1800 og fram eftir fyrsta áratugi 19. aldar voru málefni æðri skóla ofarlega á baugi hjá dönskum stjórnvöldum, og þau voru talsvert til umræðu meðal Íslendinga á því skeiði, sem og á þriðja áratuginum.

4. Menntun á breiðum grundvelli

Tómas fjallaði á nokkrum stöðum um mikilvægi menntunar á breiðum grundvelli.

Í *Ferðabók* kemst hann svo að orði: „Menntunin er öllum mönnum nauðsynlig og eftirþreyjanlig, og margar menntunartegundir eru sameiginligar fyrir sérhvörn þann sem maður vill kallast, aðrar eru einasta ómissandi einhvörju einu standi út af yfir sig.“⁶

Í inngangi að *Island fra den intellectuelle Side betragtet* kemur fram það viðhorf Tómasar, að ógæfa Íslands eða „Islands Ulykker“, sem hann nefnir svo, sé ekki nema að hluta örðugum ytri aðstæðum að kenna. Ráða má af orðum hans, að hann hafi talið bággt ástand í fræðslumálum

⁵ M.a. er fjallað um bókaútgáfu Íslendinga um 1770–1830 í eftirtöldum ritum: Böðvar Kvaran: *Auðlegð Íslendinga. Brot úr sögu íslenskrar bókaútgáfu og prentunar frá öndverðu fram á þessa öld*. Rv. 1995, s. 98–142. – Helgi Magnússon: „Fræðafélög og bókaútgáfa.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstjóri: Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 183–215. – Jón Helgason: *Hrappseyjarprentsmiðja 1773–1794*. Kh. 1928. (Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga, 6). – Loftur Guttormsson: „Bókmenning á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu.“ *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. Rv. 1985, s. 247–289. – Ólafur Pálmason: *Magnús Stephensen og bókmenntastarfsemi hans*. Magistersritgerð í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1963.

⁶ *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*, s. 49.

eina meginorsök þess, að margt hafði farið úrskeiðis á Íslandi og að hann áleit, að umbætur á þessu sviði myndu leiða til mikilla framfara.⁷

Draga má ákveðnar ályktanir um áhuga Tómasar á fræðslumálum af því, að í umsókn sinni um Breiðabólstað 1834 lætur hann þess sérstaklega getið, að í Evrópuferð sinni hafi hann lagt mikla rækt við að kynna sér fræðslu- og uppeldismál.⁸

Viðhorf Tómasar til menntunar voru mjög í anda upplýsingarinnar. Á þessu tiltekna sviði mótuðust viðhorf hans af áhrifum þeirrar stefnu, og jafnframt birtust áhrif rómantísku stefnunnar á öðrum sviðum í hugmyndaheimi hans, svo sem í viðhorfi til endurreisnar Alþingis.⁹ Er þetta eitt dæmi af mörgum um, að áhrif upplýsingar og rómantíkur blönduðust saman í hugmyndaheimi þekktra Íslendinga. Tómas hafði tröllatrú á menntunargildi bóka eins og margir aðrir upplýsingarmenn.

Framfarahyggja, sem tengist upplýsingunni, var ríkur þáttur í hugmyndafræði Tómasar. Að hans mati voru framfarir nátengdar menntun, og menntun byggðist að miklu leyti á bókum. Hann kemst svo að orði í „Eftirmælum ársins 1835“: „Menn hafa nemt til þess þrjá hluti, að helzt mætti af þeim ráða framfarir þjóðanna, og hafa menn sagt, að þeir hlutir ættu mestann þátt í farsæld og velvegnun þeirra; enn það eru bókmentirnar, stjórnar-athæfið og trúarbrögðin.“¹⁰ Í framhaldi af þessu fjallar Tómas um, að Íslendingar hafi ekki sinnt hagnýtum efnum sem skyldi í ritstörfum sínum. Hann segir:

... flestir hafa látið þar við lenda, að fá fólki eitthvað að skjemta sjer við, enn farið of fjærri þörfum og nauðsinjum lesendanna, og ekki nógsamlega aðgjætt, að bókmentirnar verða ekki að því gagni, sem þær gjeta orðið, firr enn þær fara að ransaka þá hluti, sem eru nánastir þeim, sem bækurnar eru ætlaðar: atvinnu-hætti og framkvæmdir manna, ásigkomulag þeirra og lífernisháttu – eins og nú er títt með öllum síðuðum þjóðum.¹¹

Í „Bókmenntunum íslenzku“ segir hann, að bækur séu ætlaðar til að sýna mannkyninu, hvert það stefni og hvert það eigi að stefna, en það sé alltaf til nýrra framfara.¹²

Á nokkrum stöðum kemst Tómas mjög ákveðið að orði á breiðum grundvelli um gildi bóka sem undirstöðupáttar í fræðslu almennings. Í „Bókmenntunum íslenzku“ talar hann um bækur á þessa leið:

... ekki verður í móti mælt, að þeir fari mikils góðs á mis, er ekki skeíta þeim. „Blindur er bóklaus maður“, seigir máltækið; og þó mörgum virðist þeir lítið

⁷ Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*. Kbh. 1832, s. 6.

⁸ Aðalgeir Kristjánsson: *Nú heilsar þér á Hafnarlóð. Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800–1850*. Rv. 1999, s. 344.

⁹ Viðhorf Tómasar til endurreisnar Alþingis kemur skýrast fram í ritgerðinni „Alþingi“ í bók hans, *Þrjár ritgjörðir*. Kh. 1841, s. 73–106.

¹⁰ Tómas Sæmundsson: „Eftirmæli ársins 1835, eins og það var á Íslandi.“ *Fjöltnir*, 2. árg. Kh. 1836, s. 46.

¹¹ Sama ritgerð, s. 47.

¹² Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku.“ *Fjöltnir*, 5. árg. Kh. 1839, s. 77.

hafa að notið bóka til framfara sinna, af því þeir hafa lítil mök við þær haft, þá hafa flestir notið að kunnáttu annarra; enn öflgasti máttarstofn þessarrar kunnáttu voru bækurnar, þegar vel er leitað; einstakir menn gjeta því að eins verið án bóka, að mannkinið allt skorti þær ekki; enn mannkinið gjetur ekki án þeirra verið, nema með skaða sínum; og tækist so ílla til, kjæmi það fljótt niður á hvurjum einstökum, til hnekkis almennings velferðar. Bækurnar eru annað auga mannsins; þær eru kjennendur heímsins. Hwur einstakur maður reínir lítið, sjer skammt, nær til fárra; bækurnar bæta úr þessu öllu: þær færa honum heím til sín það sem hugsað hefir verið og talað – það sem fram hefir farið og menn hafa reínt á nálægum og fjarlægum stöðum og á öllum tímum, og hann gjetur valið úr því það, sem hann vill og hann higgur helst til nitsemi og ánægju af.¹³

Síðar í sömu grein segir hann, að bókmenntirnar séu grundvöllur uppfræðingarinnar í hvaða landi sem er, án þeirra verði hvergi verið, og áhrif þeirra til gagns og ógagns komi alls staðar í ljós.¹⁴

5. *Alþýðuskólar og útgáfa alþýðlegra fræðslurita*

Mat Tómasar á mikilvægi útgáfu fræðslurita fyrir íslenzkan almenning verður að skoða í samhengi við það álit hans, að ekki væri grundvöllur fyrir því, að sérstakir skólar fyrir börn störfuðu að marki á landinu eða myndu gera í fyrirsjáanlegri framtíð. Skoðanir hans að þessu leyti falla að verulegu marki saman við skoðanir áhrifamikilla Íslendinga á 19. öld á borð við Magnús Stephensen og Jón Sigurðsson. Þegar samanburður er gerður við grannlönd eins og Danmörku og Noreg að þessu leyti, verður að hafa í huga, að lög um barnaskóla voru komin í framkvæmd þar, þegar Tómas samdi rit sín. Hann segir í *Island fra den intellectuelle Side betragtet*: „Den største Masse af Folket – Almuen maae naturligviis først paatrænge sig Iagttagelsen. Det første Spørgsmaal bliver altsaa: hvorledes kan den i Island erholde den til et lykkeligt og dydigt Liv fornødne Oplysning? Ikke paa den i den øvrige dannede Verden sædvanlige Maade – ikke ved Almueskolerne.“¹⁵ Stofnun slíkra skóla sé þá fyrst raunhæf, þegar þéttbýli hefur myndast, í sveitum og fiskiþorpum. Tómas bætir við:

... men da slige gyldne Tider snarere høre Phantasiens end den virkelige Verden til, og de forbigangne Tiders Erfaring ikke berettiger til saadanne Forhaabninger, *kunne Almueskoler*, enkelte steder som i Reikevig, og maaskee i Øefjorden undtagne, *ikke komme i Stand*; thi Almueskoler kunne, som Tingene nu staae, ikke holdes i Drivt uden derved, at de Besøgende maatte bestandig holdes ved Skolen, saalænge den bestemte Læretid varede, hvilket nødvendig, med Hensyn til Forældre og Børn, maatte medføre større Bekostninger og Ulempe, end det herved tilsigtede Udbytte kunde opveje.¹⁶

¹³ Sama ritgerð, s. 79

¹⁴ Sama ritgerð, s. 112.

¹⁵ Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, s. 8.

¹⁶ Sama rit, s. 8–9.

Fram kemur, bæði í *Island fra den intellectuelle Side betragtet* og „Bókmenntunum íslenzku“, að fyrir utan röksemdir, sem varða landfræðilegar aðstæður á Íslandi, hafði Tómas litla trú á starfsemi skóla fyrir börn á Íslandi yfirleitt, en að sama skapi mikla trú á fræðslu í heimahúsum, undir eftirliti presta, sem aðferð til að veita menntun. Í „Bókmenntunum íslenzku“ kemst hann svo að orði:

... almúgaskólum verður ekki við komið hjá oss, og vjer látum oss linda, þó so sje, ef heimilisuppeldið fer í lagi, og það skortir ekki bókleg stirkarmedöl og hentuga liðveítslu prestanna til að hagníta þau og tilsjón með að þau sjeu hagnítt; þegar allir hinir fullorönu þurfa að kjenna, þá er síður hætt við þeir tíni niður; enda láta foreldrar og góðir fósturforeldrar sjer ekki síður hugað um gott uppeldi barna sinna, enn skólakjennendur; og það verður eins affaradrjúgt og ánægjulegt, að hlífa börnunum við þeirri nauðung og foreldrunum við þeim kostnaði, er skólagángen so mart ár ollir.

Í framhaldi af þessu talar Tómas um, að sér finnist furðulegt, að ekki skuli gert ráð fyrir því erlendis, að almúgi, sem gengið hafi í skóla, sé móttækilegur fyrir fræðandi ritgerðir. Gætir þar nokkurs stolts af færni Íslendinga. Hann segir svo:

Jeg hefi stundum orðið hissa á að lesa, hvurnig skrifað er um almúgann utanlands, og hvurnig fara eigi að fræða hann; mjer sínist, þrátt firir alla skólauppfræðinguna, sem hann hefir notið í uppvegstinum, optast vera gjört ráð fyrir honum eins og næstum andlega blindum – skilningslausum og hugsunarlausum. Næstum allar ritgjörðir þykja of torveldar og þúngskildar handa honum, sem rjett hvor maður hjer á landi, þó minna hafi reínt, sjeð og heírt, gjæti hæglega komist fram úr, og haft gagn og skjemtun af, væru þær á voru máli; og af því hefir mjer skilist, að í þessum efnun muni laungum náttúran náminu ríkari ...¹⁷

Stefna Tómasar varðandi útgáfu alþýðlegra fræðslurita tengist því náið, að hann hafði mjög ákvednar skoðanir á því, hvurnig til hafði tekizt á þessu sviði á síðustu áratugum. Honum fannst mikið til um útgáfu Lærdómslistafélagsins og útgáfu, sem Magnús Stephensen réð fyrir, en var að sama skapi gagnrýnninn á það, sem gerzt hafði eftir daga Magnúsar. Tómasi líkaði bæði illa, að gamlar bækur, sem hann kallaði svo, jafnt andlegs og veraldlegs efnis, höfðu verið endurútgefnar, og eins hitt, hve lítið útgáfu alþýðlegra fræðslurita hafði verið sinnt. Honum fannst greinilega, að í stefnu þeirri í bókaútgáfu, sem fylgt hafði verið á síðustu árum, fælist hætta fyrir íslenzka menningu og þjóðfélagsþróun, sem kenna mætti við framfarir, á landinu. Hér er enn um að ræða náinn skyldleika við hugmyndir Magnúsar Stephensens.

Í *Island fra den intellectuelle Side betragtet* kemst Tómas svo að orði um útgáfu Magnúsar: „Conferentsraad Stephensen har ved mangfoldige Skrifter i den lange Række af henved 40 Aar med en i Island ubekjendt

¹⁷ Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku“, s. 112.

lærd Fleersidighed vist sig som Oplysningens ivrige Talsmand, vakt Længselen efter den og tilfredsstillet samme.¹⁸ Meðal verka annarra höfunda, sem Tómas hrósar, eru *Kvöldvökur* Hannesar Finnssonar, „et fortræffeligt Værk“,¹⁹ og *Helgidagapredikanir* Árna Helgasonar, sem hann kemst svo að orði um: „... vil altid beholde en udmærket Plads i den islandske populær-theologiske Litteratur.“²⁰

Í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar frá 6. september 1835 segir Tómas, að Magnús hafi stundum verið grófur og smekklaus, en enginn rithöfundur hafi „gert þvílíkt gagn eður lukku á Íslandi“.²¹

Í „Bókmenntunum íslenzku“ ber Tómas einnig mikið lof á útgáfu-starfsemi Magnúsar. Hann segir svo:

Aldrei hefir uppfræðingunni í þessu landi verið filgt með þvílíku kappi síðan á dögum Guðbrands biskups; aldrei hafa eins margir orðið samtaka í því að stíðja hana; aldrei hafa eins margbreittar og góðar bækur verið boðnar almenníngi. Hinar veraldlegu bækurnar í flestum aðalgreinum mannlegrar vitsku sættu þá – hjá því sem áður hafði tíðkast – annarri eins athigli og hinar andlegu; því mönnum var farið að lærast: að leiðin til himinsins liggur um heímínn.²²

Kjarninn í gagnrýni Tómasar á útgáfu á fjórða áratuginum, eftir að útgáfuskeiði Magnúsar lauk, er settur skýrt fram í sömu ritgerð:

Það er von, að hvur, sem ann mentum og framförum þjóðar vorrar, andi í mót ofurveldi því, sem gömlu bækurnar hafa öðlast aptur víða um landið og uni illa við so búíð, með því það sínir þekkingarleísi vort, og bækurnar eru farnar að hnekkja upplísíngunni, þar sem þær eíga að sjer að vera öflugasta stöð hennar, þegar að lagi fer. Eínmítt þetta, að gömlu bókunum er vísað til sætis í öndveígi, sviptir hinar níari aðstöð þeirri og virðíngu, sem þær þurfa á að halda, og þær eíga skilið, þegar viðléitni þeirra er sú, sem viðléitni allra bóka á að vera, sem er: að vera til nitsemi öld sinni, og – ef verða mætti – ættjörðu sinni og mankininu til gagns og sóma, þó leíngra frá líði.²³

Tómas setti fram allrækileg stefnumið varðandi útgáfu alþýðlegra fræðslurita á þremur stöðum: í *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, *Ferðabók* og „Bókmenntunum íslenzku“. Mikill munur er á áherzluatriðum í fyrstnefnda verkinu og hinum. Í *Island fra den intellectuelle Side betragtet* er áherzla lögð á starfsemi bókasafna fyrir almenning og útgáfu valinna tímarita og bókaflokka á íslenzku, en í síðarnefndu verkunum á útgáfu valinna þýddra rita, unz heppileg rit af þessu tagi yrðu frumsamin á íslenzku.

¹⁸ Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, s. 13–14.

¹⁹ Sama rit, s. 13.

²⁰ Sama rit, s. 14.

²¹ *Bréf Tómasar Sæmundssonar. Gefin út á hundrað ára afmæli hans 7. júní 1907*. Búíð hefir til prentunar Jón Helgason. Rv. 1907, s. 154.

²² Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku“, s. 85.

²³ Sama ritgerð, s. 75.

Meginatriði í hugmyndum Tómasar um þessi efni, eins og þær birtast í *Island fra den intellectuelle Side Betragtet*, eru sem hér segir:

Tómas álitur, að eina leiðin til að miðla almenningi fróðleik eða upplýsingu sé sú, að fólk nýti sér bækur undir eftirliti og leiðsögn sóknarpresta. Einfaldasta aðferðin til að veita fræðslu sé að koma upp litlu sóknarbókasafni við hverja kirkju. Þetta yrði í einhverjum tilvikum gert á kostnað kirkjunnar. En í flestum tilvikum yrði lagt lágt viðbótargjald ofan á gjöld til kirkjunnar á borð við ljóstoll og viðbótargjald þetta notað til að fjármagna bókakaupin. Prestar ættu að hafa umsjón með þessu.²⁴

Tómas nefnir einnig, að tilkoma sóknarbókasafna við hverja kirkju myndi verka mjög örvandi á bókaútgáfu, því að trygg sala fleiri en 200 eintaka af hverri bók myndi skapa grundvöll fyrir útgáfu bóka, sem annars væri ekki fært að ráðast í útgáfu á.²⁵

En þótt Tómas telji margt hafa verið vel gert í útgáfu alþýðlegra fræðslurita á síðustu áratugum, álitur hann nauðsynlegt að gera skipulagt átak í útgáfu á þessu sviði og fella hana í fast form. Um atvinnuvegi landsmanna, tölfræði, sögu o.s.frv. verði gefið út ársrit eða mánaðarrit á borð við *Ármann á Alþingi* eða *Klausturpóstinn*. Á sviði bókmennta skyldi gefa út ársrit á borð við *Kvöldvökur* Hannesar Finnssonar. Eftirtektarvert er, að hér ræðir Tómas um „Læsning for Dannede af begge Kjøen“;²⁶ ekki var algengt á æviskeiði hans að tala um veraldlegt lestrarefni, sem hentaði báðum kynjum. Þá fjallar Tómas um bókaútgáfu, sem ætti að vera öllu fræðilegri, en nægilega við alþýðu hæfi til að henta almenningi, „for at kunne benyttes af den oplyste Menigmand“;²⁷ en jafnframt geta komið að gagni í Bessastaðaskóla og við uppfræðslu presta. Fyrst skyldi gefa út minni háttar (*kortere*) alfræðibók, sem veitti yfirsýn yfir öll svið mannglegrar þekkingar. Um væri að ræða flokk rita, þar sem ákveðnu sviði þekkingar væru gerð skil í hverju bindi. Sem fyrirmynd nefnir hann *Almenna landaskipunarfræði*, sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út á árunum 1821–1827 og Gunnlaugur Oddsson er aðalhöfundur að. Þau efnissvið, sem Tómas tilgreinir í þessu viðfangi, eru náttúrufræði (*Naturlære, Naturhistorie*), sagnfræði, heimspeki, mannfræði, læknisfræði, lögfræði, trúfræði og siðfræði. Hann álitur, að unnt ætti að vera að gefa út eitt eða tvö bindi í þessu mikla ritverki á ári hverju, og ætti því að geta verið lokið á u.þ.b. tuttugu árum. Þá væri hægt að hefjast handa við að gefa einstök bindi út í endurskoðaðri útgáfu í samræmi við þær framfarir, sem orðið hefðu í vísindum, síðan upphaflega útgáfan birtist, og þannig koll af kalli.²⁸

²⁴ Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, s. 10–11.

²⁵ Sama rit, s. 11.

²⁶ Sama rit, s. 15.

²⁷ Sama rit, sami staður.

²⁸ Sama rit, s. 14–15.

Tómas telur ákjósanlegt, að nefnd, skipuð biskupi, skólakennurum og öðrum þekktum (*meest bekjendte*) lærdómsmönnum, hafi umsjón með þessari skipulegu útgáfu fræðslurita.²⁹

Með þessu móti hyggur Tómas unnt að bæta úr skorti á skólum fyrir almenning. Hann segir um þetta: „Blev den her fremsatte Idee til Almue Underviisningen efter den angivne Plan i Island i Virkeligheden udført – og at udføre den er dog let Sag! – vilde Savnet af Almueskolerne nogenlunde være erstattet.“³⁰

Ljóst er, að Tómas hefur haldið áfram að hugleiða útgáfu af þessu tagi næstu árin. Fram kemur í bréfi hans til Jónasar Hallgrímssonar frá 4. apríl 1838, að sumarið áður hafi þeir rætt um að semja og gefa út rit með fjölfræðiefni ætlað alþýðu manna. Er þar um að ræða greinilegan skyldleika við hugmyndir þær, sem Tómas reifaði í *Island fra den intellectuelle Side betragtet*. Hann kemst þar svo að orði, þegar hann ræðir um hugmyndir sínar um bókaútgáfu: „Látum okkur líka hafa í huga *alþýðubók*, eins og við töluðum um í sumar, áþekka Birk. Taktu að þér alt það, sem við kemur náttúrunni, einnig dæmisögur og frásögur etc. Ég skal taka það historiska, geografiska, psykologiska og filosofiska.“³¹

Hugmyndir Tómasar á þessu sviði eru nokkuð skyldar hugmyndum, sem Stefán Þórarinsson setti fram í greininni „Hugleiðingar um hjálparmedöl til að útbreidda bóklesrarlyst á Íslandi“, sem birtist í 13. bindi *Rita* Lærdómslistafélagsins. Stefán vildi koma upp bókasafni fyrir almenning í hverri sýslu og gefa út ritverk, hugsanlega í nokkrum heftum, er nefndist Almúgans-fræðari eða Fræðisafnari fyrir almúgann.³²

Í *Ferðabók* ræðir Tómas um tvo mikilvæga flokka fræðslurita. Er þar um að ræða greinileg tengsl við umfjöllun hans um þetta efni í *Island fra den intellectuelle Side betragtet* og þó einkum í „Bókmenntunum íslenzku“. Áherzluþættir hans hér eiga sér ekki beina hliðstæðu í ritum íslenzkra samtíðarmanna. Hann kemst svo að orði:

Eru þvílíkar bækur, sem eg vildi að Íslendingar sem vísindi elska útveguðu sér, með tvennu móti og þó svoleiðis tilbúnar að bezt væru hvörjar með öðrum. Aðrar þeirra kallast handbækur; eru þær ætlaðar ólærdum, menntelskandi lesendum meðal allra stétta og sér í lagi kennurum við almúgaskóla í héröðum. eru þær auðveldar mjög og skiljanliga í stíl færðar, og innihalda þær greiniliga allt hvað segja má og skemmtiligast er og fróðligast um þá vísindagrein sem þær um höndla. eru þær að hitta meðal bóka flestra almúgamanna um Þýzkaland sem fróðleik unna, og grípa þeir oftast til þeirra er þeir lesa eitthvað til fróðleiks sér eður skemmtunar. Hvað slíkar bækur eru ómissandi fyrir hvörn þann sem unglinga á að uppfærða, er ljósara en frá þurfi að skýra ...³³

²⁹ Sama rit, s. 11.

³⁰ Sama rit, s. 15–16.

³¹ *Bréf Tómasar Sæmundssonar*, s. 239.

³² Stefán Þórarinsson: „Hugleiðingar um Híalpar-medöl til at útbreidda Bóklesrar-lyst á Íslandi ...“ *Rit þess Konúngliga Islenzka Lærdóms-lista Félags*, 13. b. Kh. 1794, s. 237–238.

³³ *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*, s. 92.

Tómas segir, að „mjög fáar almúgabækur á Íslandi“ séu „þann veg samdar“. Hann nefnir í því viðfangi *Almenna landaskipunarfræði*, sem áður var getið, og *Höfuðlærdóma* Christians Bastholms. Síðan tilgreinir Tómas nokkrar þýzkar bækur af þessu tagi, á mismunandi fræðasviðum, sem hann telur góðar.³⁴ Hann segir síðan: „Væri þess mjög að óska að þvílíkar bækur smátt og smátt gætu orðið útlagðar eður umskapaðar á íslenzku með þeim umbreytingum sem vísindanna breytingar og vorrar þjóðar sérlega háttsemi þörfuðust.“³⁵

Annar flokk fræðslurita tilgreinir Tómas, þar sem eru kennslubækur fyrir hina lærðu. Nefnir hann tiltekna kennslubækur fyrir lærða skóla á dönsku og þýzku. Nota eigi þær í tengslum við handbækurnar. Hann leggur áherslu á, að þeir sem kaupir nýjar bækur af þessu tagi, geti hæglega fylgzt með nýjungum á ýmsum sviðum vísinda.³⁶

Í þessari umfjöllun í *Ferðabók* kemur fram, að Tómasi finnst tiltekinn annmarki hafa verið á útgáfustefnu á síðustu áratugum, hvað fræðslurit varðar. Hann gagnrýnir, að bækur, sem hafi verið þýddar úr dönsku eða þýzku, börnum til fróðleiks, hafi verið ætlaðar börnum á lægstu stigum almúgaskólans. Tekur Tómas dæmi um slíkar bækur: *Kennslubók í sagnafræðinni fyrir viðvaninga* eftir Johann Georg August Galletti, *Sálarfræði* eftir Joachim Heinrich Campe og *Stutt ágríp af biblíufrásögum handa unglíngum* eftir Svend B. Hersleb. Segir hann þær „bæði stuttar og leiðinligar og ekki ætlaðar börnum til uppfræðingar eður lesturs eingöngu.“ Þær nýtist því aðeins, að þær séu notaðar í samhengi við handleiðslu kennara. Hann telur „hina munnligu ávísun kennirsins“ skipta miklu máli.³⁷

Þegar Tómas samdi ritgerðina „Bókmenntirnar íslenzku“, var hann kominn á þá skoðun, að æskilegast væri fyrst um sinn, eða þangað til ný heppileg fræðslurit, frumsamin á íslenzku, lægju fyrir, að gefa út þýðingar á völdum fræðslurítum. Honum fannst sem fyrr lítið koma til bókaútgáfu á landinu á síðustu árum, og sérstaklega fannst honum fá góð fræðslurit hafa komið út. Hann skírskotar til fræðsluritaútgáfu á vegum Magnúsar Stephensens sem fyrirmyndar og segir: „... eíns og fyrir 40 árum voru útlagðar á vort mál hinar bestu almúgabækur, sem þá voru til utanlands, so vil jeg og, að hlutast sje til, að þær komi á prent á vort mál, sem núna eru í mestu álití“. Tómas tilgreinir nokkur rit í þessu viðfangi, og eru þau öll þýzka nema eitt danskt rit, sem hann kallar almenna kennslubók, *Naturen, Mennesket og Borgeren* eftir David Seidelin Birch, sem Tómas drap á í áðurnefndu bréfi til Jónasar Hallgrímssonar frá 4. apríl 1838. Hinar bækurnar, sem hann nefnir, fjalla um eftirtalin

³⁴ Sama rit, s. 92–93. Beinar tilvitnanir eru sóttar á s. 92.

³⁵ Sama rit, s. 93.

³⁶ Sama rit, s. 94–95.

³⁷ Sama rit, s. 93–94. Beinar tilvitnanir eru sóttar á s. 93.

svið: náttúrufræði, náttúrusögu, sagnfræði, mannfræði, heimspeki og trúarbragðafræði.³⁸

Eftirtektarvert er, að í „Bókmenntunum íslensku“ er ekki rætt um starfsemi bókasafna fyrir alþýðu. Þar er hins vegar sagt, að því sé stundum borið við, að menn hafi ekki efni á að kaupa bækur um veraldleg efni. Þetta sé oft á rökum reist, en þó sé það iðulega viljaleysi fremur en efnaleysi, sem ráði því, að bækur séu ekki keyptar. Og Tómas gefur ekki mikið fyrir þá röksemd sumra, að þeir hafi aldrei tóm til að lesa bækur.³⁹

6. Hlutverk safna í menntun alþýðu

Á síðari helmingi 18. aldar og fyrstu áratugum 19. aldar var fjöldi safna af ýmsu tagi stofnaður víðs vegar um Evrópu. Fram kemur í *Ferðabók*, að Tómas skoðaði mörg söfn í langferð sinni, einkum í Berlín, og þótti mikið til koma. Segir hann allrækilega frá safnferðum sínum. Honum verður tíðrætt um það í bókinni, hve mikið menntunargildi það hafi fyrir almenning að skoða söfn. Á nokkrum stöðum kallar hann söfn *menntabúr*.⁴⁰ Tómas kemst svo að orði:

Menntunarinnar grundvöllur er þekking á náttúrunni og hvörnig hana byrjar að hagnýta í mannligu félagi, og þar næst þekking á mannkynsins rétttri ævisögu, fyrirtækjum og forlögum á öllum jarðarhnöttinum, frá því fyrstu sögur hafa gjörzt allt til þessa dags. Til nú að geta öðlzt þessa kunnáttu er nauðsyn á ýmisligum hlutum (er geti leitt það fyrir sjónir), og líka að tækifæri gefist til að fá nákvæmari útlistun þar yfir og hvörnig hvörjum hlut verði hagað manni til gagnsmuna og unaðsemdar. Þess vegna eru og í hvörri höfuðborg ýmislig söfn af náttúrunnar, snilldarinnar og fornaldarinnar verkum, þess vegna eru þar alls kyns stiftanir, er skilmerkiliga ávísun gefa um þetta hvorttveggja og sérhvað annað sem til lífsins skynsamligu framkvæmda er ómissandi.⁴¹

Tómas leggur einnig áherzlu á gildi aðgangs að bókasöfnum fyrir menntun almennings. Hann talar um, að „Eitt af upplýsingarmeðölunum í Berlín“ séu „bókhlöðurnar“.⁴²

Gildi safna sem menntunargjafa eru þó ákveðin takmörk sett að mati Tómasar. Honum finnst fleira þurfa að koma til, jafnmikið og honum þykir til um söfn. Hann segir, að „menntunarsöfn“ séu

... engan veg til menntunar einhlít; mál þeirra er lágt og óskilmerkiligt og útkrefur því nákvæma tilhlustan og umhugsun. Þau hrífa á tilfinnanirnar en láta skynsemina alloft í vafa; henni eru ætlaðir aðrir hljómhvellari kennendur til leiðarvísirs. Þess vegna eru í öllum síðuðum löndum margvíslegar stiftanir

³⁸ Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku“, s. 113–114.

³⁹ Sama ritgerð, s. 80–84.

⁴⁰ Sjá t.d. *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*, s. 59.

⁴¹ Sama rit, s. 50.

⁴² Sama rit, s. 61.

til menntunarauka, og við sérhvorja tilsettir kennendur til alls konar nytsamrar þekkingar útbreiðslu.⁴³

7. Málefni Bessastaðaskóla og æðri menntun yfirleitt

Umfjöllun Tómasar um málefni Bessastaðaskóla verður að skoða í samhengi við þróun skólamála í danska ríkinu yfirleitt. Árið 1805 var sett á fót stjórnardeild, er skyldi fara með málefni æðri skóla í dansk-norska ríkinu, Den kgl. direktion for universitetet og de lærde skoler, sem Íslendingar kölluðu háskólastjórn eða skólastjórnarráð. Á stofnárinu gaf stjórnardeildin út reglugerð um kennslumál, sem átti að gilda í Danmörku og Noregi. Árið eftir var gefin út reglugerð fyrir Bessastaðaskóla, sem hneig í sömu átt. Samkvæmt henni átti skólinn að starfa í þremur bekkjardeildum auk sérstakrar bekkjardeildar fyrir þá, sem hugðust verða prestar, en ekki nema við Kaupmannahafnarháskóla. Þessi reglugerð komst aldrei til framkvæmda.

Bessastaðaskóli hafði þá sérstöðu í samanburði við skóla í öðrum hlutum ríkisins, að honum var í senn ætlað að veita prestsmenntun og búa nemendur undir háskólanám. Reyndar er á það að líta, að á fyrstu áratugum 19. aldar hlaut verulegur hluti þeirra, sem urðu prestar, menntun hjá prestum, sem höfðu heimild til að útskrifa stúdenta. Annars staðar í ríkinu var það forsenda fyrir prestsvígslu að hafa lokið háskólaprófi eða hliðstæðu námi.⁴⁴

Hugmyndir Tómasar um breytingar á starfsemi Bessastaðaskóla voru ekki mjög nýstárlegar. Þær eru talsvert skyldar hugmyndum, sem Magnús Stephensen setti fram í álitserð, sem hann samdi fyrir skóla- og dómsmálanefndina 1799–1800, er skyldi semja tillögur um nýskipan mála á þessum sviðum. Hann taldi, að námsefni í æðri skóla á Íslandi ætti að vera fjölbreytt og að námið skyldi taka mið af því, að lögð yrði áherzla á hlutverk presta sem alþýðufræðara.⁴⁵ Hugmyndir Tómasar gengu að nokkru leyti í þá átt, að tilteknum ákvæðum í áður nefndri reglugerð frá 1806, sem ekki höfðu orðið að veruleika, yrði hrundið í framkvæmd. Hugmyndir, sem Baldvin Einarsson setti fram í þremur ritgerðum seint á þriðja áratuginum og höfðu veruleg áhrif á umræðu um málefni Bessastaðaskóla um árabíl, voru og að ýmsu leyti svipaðs eðlis.⁴⁶

⁴³ Sama rit, s. 63.

⁴⁴ M.a. er fjallað um upphaf Bessastaðaskóla og starfsemi hans fyrstu árin í eftirtöldum ritum: Aðalgeir Kristjánsson: „Bessastaðaskóli. Tveggja alda minning.“ *Andvari*, 130. árg. Rv. 2005, einkum s. 54–56. – Hjalti Hugason: *Bessastadaskolan. Ett försök till prästskola på Island 1805–1846*. Uppsala 1983. (Skrifter utgivna av Svenska Kyrkohistoriska föreningen. II Ny följd, 40), einkum s. 49–53. – Loftur Guttormsson: „Fræðslumál“, s. 157–164. – Yfirlit um sögu skólans má finna í eftirtöldum ritum: Aðalgeir Kristjánsson: „Bessastaðaskóli.“ – Hjalti Hugason: *Bessastadaskolan*. – Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðból*s. Akureyri 1947, s. 147–190.

⁴⁵ Sjá um hugmyndir Magnúsar Stephensens um þessi efni: Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*. Rv. 1996, s. 103–106. – Loftur Guttormsson: „Fræðslumál“, s. 163–164.

⁴⁶ Sjá um hugmyndir Baldvins Einarssonar á þessu sviði: Nanna Ólafsdóttir: *Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans*. Rv. 1961, s. 67–93.

Tómas taldi, að ýmislegt stæði til bóta í starfsemi skólans. Eftirtektarvert er, að hann ræddi mikið um skólann í samhengi við skóla í Danmörku og lagði talsvert út af því, að Bessastaðaskóli væri í raun prestaskóli; fæstir þeirra, sem útskrifuðust úr honum, ættu kost á námi í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Tómas lagði áherzlu á nokkur meginsvið, þar sem hann taldi breytinga þörf, og tók þá í sumum tilvikum mið af námsefni í dönskum latínuskólum og áherzlum í starfi þeirra.

Tómas vildi bæta við einum bekk, hinum þriðja, í Bessastaðaskóla og þar með auka kennsluna í heild. Væri þá unnt í senn að gera kennsluna víðfeðmari og efla þann hluta hennar, sem laut sérstaklega að undirbúningi fyrir prestsstarf. Í þessu viðfangi taldi hann mikilvægt að bæta við kennarastöðu við skólann.

Að mati Tómasar var kennslu í guðfræði við skólann í ýmsu ábótavant. Fjallaði hann allrækilega um það efni í „Bókmenntunum íslenzku“. Nefnir hann m.a. í því viðfangi, að ferill íslenzkra guðfræðistúdenta við Kaupmannahafnarháskóla sýni, að námi í trúarbragðafræði á Bessastöðum sé áfátt. Hann vildi taka upp sem kennslubækur þar bækur, sem notaðar voru við Kaupmannahafnarháskóla.⁴⁷

Þá taldi Tómas brýnt að fjölga námsgreinum við skólann og breyta þannig verulega áherzlum í starfi hans. Í „Bókmenntunum íslenzku“ talar hann um það, sem nauðsynlegt sé til þess að

... gjöra skólann samsvarandi þörfum og uppfræðingu tímanna, eins og hún hefir heitið; til þess tel eg, að hjer skortir tilsögn í ímsum íþróttum, sem kjenndar eru í dönsku skólunum, so sem líkamæfingar ímislegar, saunglist og annað, sem góðu uppeldi nú á dögum þikir hlíða; enn énkum það, hvað fáum stundum er varið til kjennslu í móðurmálinu, og til að kinna oss ættjörð vora og sögu hennar (ávegstirnir verða og þeir, sem vonlegt er, að þekking vor er óglögg um allt þetta, og skeitíngin minni, enn vera bæri); og þessu næst, að hjer skuli enn ekki vera innleidd kjennsla í þísku, so að lærdómsritgjörðir útlenskra gjætu hjer kunnar orðið.⁴⁸

Í *Island fra den intellectuelle Side betragtet* nefnir Tómas fleiri greinar, sem hann vildi taka upp kennslu í, og vitnar í því sambandi til danskra latínuskóla. Eftirtektarvert er, að hér tilgreinir hann frönsku, ólíkt því, sem hann gerði í „Bókmenntunum íslenzku“, er hann samdi röskum hálfum áratugi síðar. Hann kemst svo að orði: „Bekjendtskab med det Franske og Tydske maa her ikke være borte, siden Underviisning gives heri i alle Moderlandets Skoler, og man umelig uden ved Læsning i disse Sprog kan tilegne sig Tidernes videnskabelige Indsigter og Fremskridt.“⁴⁹ Hann nefnir einnig náttúruvísindagreinar í þessu

⁴⁷ Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku“, s. 129–137.

⁴⁸ Sama ritgerð, s. 129.

⁴⁹ Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, s. 23.

viðfangi, og birtist þar trú á mikilvægi þessara fræðigreina, sem kemur glöggft fram í ritum ýmissa annarra Íslendinga, sem uppi voru á upplýsingaröld, þ.á m. Hannesar Finnssonar, Magnúsar Stephensens og Finns Magnússonar.⁵⁰ Hann segir svo: „At man i Skolen ogsaa blev gjort bekjendt med Hovedsætningerne af Naturvidenskaben, – Physik og Naturhistorie, – er med Hensyn til den store Rolle, denne i vore Tider spiller, og dens udbredte Nytte og Interesse for Enhver ikke for meget at fordre, da denne Kundskab uden Skolens Hjelp af de Fleste maatte ligeledes savnes.“⁵¹

Tómas gagnrýndi kennsluhætti við Bessastaðaskóla. Hann taldi allt of mikla áherzlu lagða á að lesa fyrir og að láta nemendur skrifa niður efni eftir upplestri kennara. Hann áleit kennsluaðferðir standa í vegi fyrir því, að unnt væri að fjölga námsgreinum. Hann kemst svo að orði um þetta efni í *Island fra den intellectuelle Side betragtet*:

Den største Hindring for Læregjenstandenes Forøgelse har *Læremethoden* stedse lagt i Veien. At Disciplene skulde sidde henved 6 à 7 Timer daglig ved at male op, hvad Læreren siger, istedetfor under hans Veiledning at arbeide sig frem ved Oversættelser fra et Sprog i andet, Examinationer af det Dagen iforveien mundtlig Foredragne, Udarbeidelsen af givne Themaer og s. fr., var et Misgreb, lignende Indretninger i de danske Skoler ikke kunne retfærdiggjøre.⁵²

Nýstárleg var sú hugmynd Tómasar, að piltar, sem ekki væru reglulegir nemendur við Bessastaðaskóla, ættu að geta sótt þangað einhverja fræðslu.⁵³

Athyglisvert er, að Tómas leggur til í *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, að skólinn verði fluttur til Viðeyjar; hann telur þar vera góðar aðstæður til skólahalds.⁵⁴ En í „Bókmenntunum íslenzku“ er ekki að slíku vikið.

Í *Ferðabók* fjallar Tómas nokkuð um lærða skóla í Þýzkalandi með sérstöku tilliti til eins skóla af því tagi, Joachimtalska skólans, sem hann kallar svo.⁵⁵ Lýkur hann miklu lofsorði á nám þar eins og á nám á öllum stigum í Þýzkalandi, en hann ræðir m.a. talsvert um barnaskólanám⁵⁶ og nám í kvennaskólum.⁵⁷ Hann telur Joachimtalska skólanum til gildis, að nám þar sé fjölbreytt og kennslustarfið vel skipulagt. Í því viðfangi ræðir hann með tilliti til Íslands, hvaða tungumál skuli kenna í skólum af þessu tagi. Hann leggur áherzlu á, að mikilvægt sé, að gömlu málin svokölluðu séu kennd, sem og valin ný mál.

⁵⁰ Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, s. 167–168.

⁵¹ Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, s. 23–24.

⁵² Sama rit, s. 29.

⁵³ Sama rit, s. 21–22.

⁵⁴ Sama rit, s. 20–21.

⁵⁵ *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*, s. 81–91.

⁵⁶ Sama rit, s. 73–76.

⁵⁷ Sama rit, s. 76–81.

Tómas segir nokkuð frá Berlínarháskóla og öðrum háskólum í Þýzkalandi í *Ferðabók* og finnst mikið til koma.⁵⁸ Þegar á heildina er litið, skrifaði hann ekki ýkja mikið um málefni Kaupmannahafnarháskóla nema í sambandi við umfjöllun um Bessastaðaskóla og í frásögnum af sínu eigin námi í bréfum.

8. Framhaldsmenntun presta og bókasöfn einkum ætluð menntamönnum

Tómas var mikill áhugamaður um framhaldsmenntun presta, og fléttaðist sá áhugi hans saman við áhuga hans á bókasöfnum. Af boðsbréfi, sem hann sendi prestum í prófastsdæmi sínu í Rangárvallasýslu í árslok 1836 og var undanfari stofnunar lestrarfélags, má ráða markmið hans á þessu sviði. Mótaðist starf félagsins af þeim.⁵⁹ Félagið var öllum opið, en félagar voru í raun allir menntamenn, langflestir prestar. Gengu bækur á milli félaga „í lokuðum trjестokkum“.⁶⁰ Áherzla var lögð á að kaupa bækur um guðfræðileg efni, en öðrum sviðum var einnig sinnt. Tómas kemst svo að orði um val bóka í „Bókmenntunum íslensku“: „... eru þær valdar helst úr þeim vísindagreinum, er öllum liggja jafn-nærri og allir gjeta haft skjemtun af, so sem hinum fögru mentum [fagurbókmenntum], sagnafræði og alþíðlegri heímsspeki, enn þriðjúngi eður meíru af tillögunum er varið til að kaupa guðfræðisbækur.“⁶¹

Í sömu ritgerð skírskotar Tómas til þess, að félög af þessu tagi hafi þegar verið sett á fót í Skaftafells- og Múlasýslum, og telur hann heppilegt, að slík félög verði stofnuð í hverri sýslu landsins. Hann segir: „... er ... best að hafa sviðið ekki öllu stærra enn eína sýslu, því mestur er erviðleikinn með milliför bókana.“⁶² Tómas tekur fram, að samkvæmt lögum lestrarfélagsins í Rangárvallasýslu megi láta hluta bókakostsins renna til Stiftsbókasafnsins, sem þá hét svo, síðar Landsbókasafn, „þegar so er komið mikið að erviðast tekur varðveítlan; og ef í hverri sýslu væru áþekk lestrarfelög og sama aðferð á höfð, mætti landsbókhlöðunni verða að því mikill stuðningur“.⁶³

Starfsemi umrædds lestrarfélags lagðist af eftir fráfall Tómasar, og er vant að vita, hvaða áhrif hún hefur haft, þegar til lengri tíma er litið.

9. Viðhorf Tómasar til fræðslumála skoðuð í samhengi við þróun mála eftir hans dag

Áhugavert er að skoða, að hvaða marki hugmyndir Tómasar um fræðslumál urðu að veruleika í tíð næstu kynslóða. Erfitt er að meta, hvaða breytingar megi að einhverju leyti rekja til skrifa hans, en

⁵⁸ Sama rit, s. 95–104.

⁵⁹ Fjallað er um félagið í: Jón Helgason: *Tómas Sæmundsson. Æfiferill hans og æfistarf*. Rv. 1941, s. 130–133.

⁶⁰ Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku“, s. 137.

⁶¹ Sama ritgerð, s. 137–138.

⁶² Sama ritgerð, s. 138.

⁶³ Sama ritgerð, s. 139.

vafalaust hafa áhrif hans verið nokkur. Breytingar á sviði fræðslumála eru eitt af mörgum dæmum um það, hve sterk áhrif upplýsingarinnar voru á tveimur síðustu þriðjungum 19. aldar og öndverðri 20. öld, þ.e. eftir lok þess tímabils, sem hefðbundið er í íslenskri sagnaritun að kenna við upplýsinguna. Slíkra áhrifa gætti einnig mjög í grannlöndum á borð við Danmörku og Noreg.⁶⁴ Þung áherzla hélzt í anda stefnunnar á það sjónarmið, að leggja skyldi mikið upp úr útgáfu fræðslurita, þannig að almenningur ætti kost á að afla sér menntunar með lestri þeirra.⁶⁵

Nokkur lægð var í útgáfu fræðslurita á fjórða áratuginum, og var það, eins og áður greinir, ein meginorsök harðrar gagnrýni Tómasar á stefnu í bókaútgáfumálum á líðandi stund. En á næstu áratugum eflidist útgáfa fræðslurita á ný, sérstaklega eftir um 1870, og voru þá gefin út rit, frumsamin og þýdd, um fjölmörg fræðisvið. Einnig birtist sem fyrr mikið fræðsluefni í tímaritum. Hlutu ýmis rit af þessu tagi mikla útbreiðslu.⁶⁶ Áður en Tómas féll frá, voru stofnuð fyrstu bókasöfnin, sem sérstaklega voru ætluð almenningi, og einkum á síðasta þriðjungi aldarinnar fjölgaði bókasöfnum af þessu tagi mjög. Sótti almenningur mikla fræðslu í rit, sem þar var að finna, þótt skólum færi fjölgandi, – miklu meir en Tómas hafði séð fyrir, að myndi gerast.⁶⁷ Bókasöfn fyrir almenning voru ekki, þegar á heildina er litið, sóknarbókasöfn í þeim skilningi, að þau væru yfirleitt undir yfirstjórn presta og væru staðsett á kirkjustöðum. En að nokkru leyti rættist draumur tiltekinna upplýsingarmanna um, að prestar tækju forystuhlutverk í alþýðufræðslu um veraldleg efni. Þannig voru dæmi þess, að prestar ættu frumkvæði að stofnun bókasafna fyrir almenning.

Sjá má ákveðna samsvörun við hugmyndir Tómasar um lestrarfélög, sem einkum væru ætluð prestum, í starfsemi hinna svokölluðu Möllersku lestrarfélaga. Þau störfuðu í nokkra áratugi frá og með 1833,

⁶⁴ M.a. er fjallað um áhrif upplýsingarinnar í Danmörku og Noregi, þegar til lengri tíma er litið, í eftirtöldum ritum: Øystein Sørensen og Bo Stråth: „Introduction. The Cultural Construction of Norden.“ *The Cultural Construction of Norden*. Edited by Øystein Sørensen og Bo Stråth. Oslo 1997, s. 1–24. – Nina Witozek: „Fugitives from Utopia. The Scandinavian Enlightenment Reconsidered.“ *The Cultural Construction of Norden*. Edited by Øystein Sørensen og Bo Stråth. Oslo 1997, s. 72–90. – M.a. er fjallað sérstaklega um áhrif upplýsingarinnar í Noregi, þegar til lengri tíma er litið, í: Øystein Sørensen: *Norsk idéhistorie*. 3. b. *Kampen om Norges sjel 1770–1905*. Oslo 2001, einkum s. 18–21.

⁶⁵ Fjallað er um tengsl fræðsluritaútgáfu Íslendinga á því tímabili, sem hefðbundið er að kenna við upplýsinguna, og í tíð síðari kynslóða í: Ingi Sigurðsson: „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslensku.“ *Skírnir*, 168. árg. Rv. 1994, s. 135–160.

⁶⁶ Sjá: Ingi Sigurðsson: „Útbreiðsla og viðtökur alþýðlegra fræðslurita.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 18), einkum s. 130–140. – Fjallað er um aukna bókaútgáfu Íslendinga í: Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 18), s. 37–65.

⁶⁷ M.a. er fjallað um bókasöfn og lestrarfélög fyrir almenning í: Jón Jónsson: „Lestrarfélög fyrir almenning.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 18), s. 171–193.

víða um land, þegar mest var, en starfsemin var mest á upphafsskeiði þeirra.⁶⁸

Hugmynd Tómasar um, að gefið yrði út stórt safn rita, þar sem hvert bindi væri helgað ákveðnu fræðasviði, varð ekki að veruleika í tíð næstu kynslóða. Þess skal þó getið, að 1874 kom út ritverk í einu bindi, sem hafði að geyma aðgengilegan fróðleik um fjölmörg efnissvið. Þetta var Alþýðubókin, sem svo var kölluð, *Lestrarbók handa alþýðu á Íslandi* eftir Þórarin Böðvarsson, að hluta byggð á danskri bók. Eru margar heimildir fyrir því, að Alþýðubókin naut mikilla vinsælda meðal almennings um áratuga skeið.⁶⁹

Hugmynd Tómasar um, að efnt yrði til þriðja bekkjar í Bessastaðaskóla og nám í guðfræði aðskilið frá öðru námi, vísar fram til þess, að stofnaður var sérstakur prestaskóli 1847 og að kennsluefni í Lærða skólanum, sem oft var kallaður svo eftir flutning til Reykjavíkur 1846, var skömmu síðar breytt í samræmi við það, frá því, sem verið hafði á Bessastöðum. Varð kennsluefnið nú miklu fjölbreyttara en þar hafði verið, líkt og Tómas hafði talið æskilegt. Nefna má í þessu sambandi, að í Lærða skólanum var hafin kennsla í nýju málunum, þýzku, ensku og frönsku. Þýzka var skyldunámsgrein frá upphafi, en enska og franska valgreinar fram til 1877, þegar þær urðu skyldugreinar. Enn fremur var náttúrufræði kennd.⁷⁰

10. Niðurlag

Helztu niðurstöður eru þessar: Viðhorf Tómasar til fræðslumála eru að ýmsu leyti svipuð viðhorfum nokkurra annarra Íslendinga, sem uppi voru í samtíð hans. Í viðhorfum hans á þessu sviði gætir mjög áhrifa upplýsingarinnar. Tómas hafði tröllatru á því, að alþýðufræðsla gæti skilað miklum árangri. Hann taldi, að við íslenzkar aðstæður gæti ekki verið um verulegt skólahald fyrir almenning að ræða, og skipti því skipuleg og umfangsmikil útgáfa fræðslurita höfuðmáli. Í einu af þeim þremur ritum, þar sem hann fjallaði mest um fræðslumál, lagði hann mesta áherzlu á skipulega útgáfu frumsaminna fræðslurita, í hinum tveimur á skipulega útgáfu þýddra rita. Hann áleit, að söfn gætu gegnt mikilvægu hlutverki í menntun almennings. Hugmyndir Tómasar um breytingar, sem vörðuðu Bessastaðaskóla, hnigu í svipaða átt og hugmyndir ýmissa samtíðarmanna. Hann vildi færa nám þar í átt til þess, sem hann taldi vera nútímahorf, gera það víðfedmara og efla þann

⁶⁸ Sjá um hin Möllersku lestrarfélög: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir: „Lestrarfélög presta. Athugun á aðföngum, bókakosti og útlánun Möllersku lestrarfélaganna.“ *Ritmennt*, 4. árg. Rv. 1999, s. 57–83.

⁶⁹ M.a. er fjallað um Alþýðubókina og viðtökur, sem hún hlaut, í eftirtöldum ritum: Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslenzk viðhorf*, s. 58–60. – Ingi Sigurðsson: „Útbreiðsla og viðtökur alþýðlegra fræðslurita“, s. 134, 138. – Loftur Guttormsson: „Frá kristindómslestri til móðurmáls. Hugmyndafræðileg hvörf í lestrarefni skólabarna um síðustu aldamót.“ *Uppeldi og menntun*, 2. árg. Rv. 1993, s. 10–11.

⁷⁰ Fjallað er um námsefni í Lærða skólanum fram til 1877 í: *Saga Reykjavíkurskóla*. 1. b. *Nám og nemendur*. Ritstjóri: Heimir Þorleifsson. Rv. 1975, s. 9–34.

þátt þess, sem laut sérstaklega að undirbúningi fyrir prestsstarf. Sumar hugmyndir Tómasar um fræðslumál urðu að einhverju leyti að veruleika á næstu áratugum eftir hans dag.

Heimildaskrá

- Aðalgeir Kristjánsson: „Bessastaðaskóli. Tveggja alda minning.“ *Andvari*, 130. árg. Rv. 2005, s. 53–74.
- Aðalgeir Kristjánsson: *Nú heilsar þér á Hafnarlóð. Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800–1850*. Rv. 1999.
- Böðvar Kvaran: *Auðlegð Íslendinga. Brot úr sögu íslenzkrar bókaútgáfu og prentunar frá öndverðu fram á þessa öld*. Rv. 1995.
- Eggert Ásgeirsson: *Tómas Sæmundsson og Sigríður Þórðardóttir*. Rv. 2007.
- Gunnar M. Magnúss: *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi. Hátíðarit S.Í.B.* Rv. 1939.
- Helgi Magnússon: „Fræðafélög og bókaútgáfa.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstjóri: Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 183–215.
- Hjalti Hugason: *Bessastadaskolan. Eitt försök till prästskola på Island 1805–1846*. Uppsala 1983. (Skrifter utgivna av Svenska Kyrkohistoriska föreningen. II Ny följd, 40).
- Ingi Sigurðsson: „Arfleifð upplýsingarinnar og útgáfa fræðslurita á íslenzku.“ *Skírnir*, 168. árg. Rv. 1994, s. 135–160.
- Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslenzk viðhorf. Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918*. Rv. 2006.
- Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*. Rv. 1996.
- Ingi Sigurðsson: „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstjóri: Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 9–42.
- Ingi Sigurðsson: „Útbreiðsla og viðtökur alþýðlegra fræðslurita.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagsshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 18), s. 115–147.
- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir: „Lestrarfélög presta. Athugun á aðföngum, bókakosti og útlánum Möllersku lestrarfélaganna.“ *Ritmennt*, 4. árg. Rv. 1999, s. 57–83.
- Jón Helgason (biskup): *Tómas Sæmundsson. Æfjferill hans og æfistarf*. Rv. 1941.
- Jón Helgason (prófessor): *Hrappseyjarprentsmiðja 1773–1794*. Kh. 1928. (Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga, 6).
- Jón Jónsson: „Lestrarfélög fyrir almenning.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagsshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 18), s. 171–193.
- Loftur Guttormsson: „Bókmennig á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu.“ *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. Rv. 1985, s. 247–289.
- Loftur Guttormsson: „Framleiðsla og dreifing ritaðs máls.“ *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagsshreyfingar*. Ritstjórar: Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. 2003. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 18), s. 37–65.
- Loftur Guttormsson: „Frá kristindómslestri til móðurmáls. Hugmyndafræðileg hvörf í lestrarefni skólubarna um síðustu aldamót.“ *Uppeldi og menntun*, 2. árg. Rv. 1993, s. 9–23.

- Loftur Guttormsson: „Fræðslumál.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstjóri: Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 149–182.
- Nanna Ólafsdóttir: *Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans*. Rv. 1961.
- Outram, Dorinda: *The Enlightenment*. 2nd ed. Cambridge 2005. (New Approaches to European History).
- Ólafur Pálmason: *Magnús Stephensen og bókmenntastarfsemi hans*. Magistersritgerð í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1963.
- Porter, Roy: *The Enlightenment*. 2nd ed. Basingstoke 2001. (Studies in European History).
- Saga Reykjavíkurskóla*. 1. b. *Nám og nemendur*. Ritstjóri: Heimir Þorleifsson. Rv. 1975, s. 9–34.
- Stefán Þórarinnsson: „Hugleidingar um Hiálpar-medöl til at útbreida Bóklestrar-lyst á Íslandi ...“ *Rit þess Konúngliga Íslenzka Lærdóms-lista Félags*, 13. b. Kh. 1794, s. 229–250.
- Sørensen, Øystein: *Norsk idéhistorie*. 3. b. *Kampen om Norges sjel 1770–1905*. Oslo 2001.
- Sørensen, Øystein og Bo Stråth: „Introduction. The Cultural Construction of Norden.“ *The Cultural Construction of Norden*. Edited by Øystein Sørensen og Bo Stråth. Oslo 1997, s. 1–24.
- Tómas Sæmundsson: „Bókmentirnar íslensku.“ *Fjölur*, 5. árg. Kh. 1839, s. 73–145.
- Tómas Sæmundsson: *Bréf Tómasar Sæmundssonar. Gefin út á hundrað ára afmæli hans 7. júní 1907*. Búið hefir til prentunar Jón Helgason. Rv. 1907.
- Tómas Sæmundsson: „Eptirmæli ársins 1835, eins og það var á Íslandi.“ *Fjölur*, 2. árg. Kh. 1836, s. 31–57.
- Tómas Sæmundsson: „Eptirmæli ársins 1836, eins og það var á Íslandi.“ *Fjölur*, 3. árg. Kh. 1837, s. 3–32.
- Tómas Sæmundsson: „Eptirmæli ársins 1837, eins og það var á Íslandi.“ *Fjölur*, 4. árg. Kh. 1838, s. 33–56.
- Tómas Sæmundsson: „Eptirmæli ársins 1838, eins og það var á Íslandi.“ *Fjölur*, 5. árg. Kh. 1839, s. 3–40.
- Tómas Sæmundsson: *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*. Jakob Benediktsson bjó undir prentun. Rv. 1947.
- Tómas Sæmundsson: *Island fra den intellectuelle Side betragtet*. Kbh. 1832.
- Tómas Sæmundsson: „Úr brjefi frá Íslandi, dagsettu 30ta jan. 1835.“ *Fjölur*, 1. árg. Kh. 1835, s. 48–94.
- Tómas Sæmundsson: *Þrjár ritgjörðir*. Kh. 1841.
- Vilhjálmur P. Gíslason: *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls*. Akureyri 1947.
- Witozek, Nina: „Fugitives from Utopia. The Scandinavian Enlightenment Reconsidered.“ *The Cultural Construction of Norden*. Edited by Øystein Sørensen og Bo Stråth. Oslo 1997, s. 72–90.
- Greinin er að stofni til byggð á fyrirlestri, sem höfundur flutti á málþingi Félags um átjándu aldar fræði, „Tómas Sæmundsson – tveggja alda minning“, 21. apríl 2007.*

Ingi Sigurðsson, f. 1946.

Doktorspróf í sagnfræði frá Edinborgarháskóla. Prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.